

Skútustaðahreppur  
b.t. Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík, 8. apríl 2021  
UST202103-373/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulag fyrir Skjólbrekku við Skútustaði.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps barst 22. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulag fyrir Skjólbrekku við Skútustaði.

Í greinargerð kemur fram viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins er að auka framboð á lóðum sunnan Mývatns, en gert er ráð fyrir um nýjum lóðum undir íbúðir í nágrenni Skjólbrekku. Auk þess segir að leitast verður við að skapa aðlaðandi byggð, góð búsetuskilyrði með fallegu byggðamynstur og velferð íbúa í fyrirrúmi og við uppbyggingu á svæðinu verði tekið tillit til sérstöðu og náttúrufars. Einnig verður gerð grein fyrir veitum, vatnsöflun, fráveitu og rafveitu á svæðinu í tillögunni.

#### **Mývatn**

Líkt og kemur fram í lýsingu er svæðið nú verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagslýsinguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

#### **Áhrifamat**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver áhrif tillögunnar eru á votlendi, haun og gervígíga sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að við skipulagssvæðið eru tjarnir sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og innan svæðisins eru hraun og gervígígar sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laganna.

Í 61. gr. náttúruverndarlaga er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson  
sérfræðingur